

Landskeppni við ASKA England, 22. júní 1991.

Hinn 21. júní 1991 kom hingað 12 manna hópur karatemanna frá Englandi. Hópurinn kom frá ASKA, sem er Shotokan samband á Englandi. Þeir höfðu óskað eftir því að æfa í fyrirhuguðum æfingabúðum í Hveragerði og í leiðinni að keppa við íslenska landsliðið. En ekkert varð úr æfingabúðunum, en þess í stað var haldin útiæfing á grasvellinum í Laugardal. Þar mættu um 55 manns, flestir frá KFR, en nokkrir úr öðrum félögum. Kennarar á æfingunni voru George Andrews, Ólafur Wallevik og Balwant Sahans aðalþjálfari ASKA.

Á föstudeginum fór undirritaður og Ólafur Wallevik, sem þá var nýráðinn landsliðsþjálfari á fund Englendingana og lóðsuðu þá á pöbb í þeim tilgangi að árangur ferðarinnar yrði sá að þeir myndu mæta þunnir til leiks daginn eftir.

Þeir sem hingað komu voru eftirtaldir:

Balwant Sahans,	5. Dan	Aðalþjálfari ASKA,
Jack Warner,	5. Dan	Formaður ASKA,
Dan Bradley,	4. Dan,	Ritari Breska
		Karatesambandsins,
Keith Pates,	4. Dan,	Liðsstjóri,
David Martin,	2. Dan,	Enskur dómari,
Navpreet Jaloohan,	í liði,	2 x EM junior.
Everton Ifill,	í liði,	
Colin Hexley,	í liði,	
Paul Noott,	í liði,	
Mike Johnson,	í liði,	
Andrews Cummins,	í liði	og
M. Dean,	í liði.	

Á laugardaginn fór fram landskeppnin og var keppt í þremur umferðum í fimm manna sveitum. Enska sveitin hafði á að skipa tveimur landsliðsmönnum Enska landsliðsins og annar þeirra hefur tvívegis orðið Evrópumeistari Junior, (N. Jaloohan).

Íslenska landsliðið var skipað eftirtöldum;

Ásmundur Ísak Jónsson	Þórshamri, Reykjavík.
Halldór Svavarsson	KFR
Karl Viggó Vigfússon	Haukum, Hafnarfirði.
Konráð Stefánsson	KFR
Sigurjón Gunnsteinsson	KFR
Sölvi Rafnsson	Baldri, Hvolsvelli.

Úrslitin.

1 Umferð.

Ísland	skor		England	skor	skor	vinningar
Konráð	w	-	E. Ifil	w	1-1	0,5 - 0,5
Halldór	ww	-	N. Jaloohan	o	2-0	1 - 0
Sölvi	w	-	C. Hexley	wwII	1-6	0 - 1
Sigurjón	ww	-	P. Noott	w	2-1	1 - 0
Ísak	w	-	M. Johnson	w	1-1	0,5 - 0,5
					7-9	2 - 1

2 Umferð.

Konráð	w	-	M. Johnson	ww	1-2	0	-	1
Sigurjón	w	-	E. Ifil	w	1-1	0,5	-	0,5
Viggó	o	-	C. Hexley	ww	0-2	0	-	1
Halldór	wwI	-	A. Cummins	w	4-1	1	-	0
Sölvi	www	-	M. Dean	w	3-1	1	-	0
					9-7	2	-	2

3 Umferð.

Konráð	ww	-	M. Johnson	wwwk	2-3	0	-	1
Sölvi	www	-	N. Jaloohan	wwwwwjkk	4-5	0	-	1
Sigurjón	j	-	P. Noott	wwjkk	0-2	0	-	1
Halldór	wwj	-	E. Ifil	ww	2-2	0,5	-	0,5
Ísak	wj	-	C. Hexley	ww	1-2	0	-	1
					9-14	0	-	4.

ÚRSLIT:

ENGL.- ÍSL. 1 - 1 (umf) 7 - 4 (viðureignir) 30-25 (skor)

Dómarar: Karl Gauti Hjaltason, David Martin, Dan Bradley og Poh Lim.

Íslensku landsliðsmennirnir gáfu gestunum flögg í lok leiksins og KAI fékk innsaumað merki ASKA í ramma að gjöf frá formanni ASKA.

Eftir keppnina bauð KAI gestunum og landsliðsmönnum til kvöldverðar hjá góðkunningja KAI í veitingastaðnum MAMMA RÓSA í Kópavogi.

Daginn eftir bauð KAI þeim í útsýnistúr á Gullfoss og Geysi og einnig var komið við í Bláa Lóninu í frábæru veðri.

ASKA er samband að svipaðri stærð og KAI og því mælir margt með að endurtaka svona keppnir og heimsóknir.

Ánægjulegri heimsókn var lokið og gestirnir fóru himinlifandi heim, enda fengu þeir hér frábært júníveður.

Karl Gauti Hjaltason.